

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Arnarhraun 50 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. nóvember 2006 deiliskipulag fyrir Arnarhraun 50, í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér að leyfa einbýlishús á tveimur hæðum og að fella yfirbragð þess inn í byggðina, á ódeiliskipulagt svæði skilgreint sem gæsluvöllur samkvæmt aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015. Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun. Deiliskipulagið kallaði á aðalskipulagsbreytingu sem var staðfest á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 19. september 2006.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. janúar 2007,

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 22. janúar 2007